



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 31/2008 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir útsendingarþjónustu fyrir útvarpsþjónustu til notenda (markaður 18)

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint heildsölumarkað fyrir útsendingarþjónustu fyrir útvarpsþjónustu til notenda. Með bréfi, dags. 25. júní 2008, voru drög að greiningu á ofangreindum markaði send til fjarskiptafyrirtækja, sjónvarpsstöðva og annarra hagsmunaaðila og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og niðurstöðurnar. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin: Samkeppniseftirlitið og Og fjarskipti ehf. (Vodafone).

Greining á markaði 18 var uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina, en athugasemdir voru fáar og leiddu ekki til efnislegra breytinga á markaðsgreiningunni. Uppfærða greiningu á mörkuðum 18 er að finna í viðauka A með bréfi þessu og athugasemdum sem bárust í samráðinu er svarað í viðauka B.

Með bréfi, dags. 4. nóvember 2008, tilkynnti PFS formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markað 18, ásamt viðaukum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmæli skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar¹. Með bréfi, dags. 4. desember 2008, barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. Í áliti þessu kemur fram að ESA gerir engar athugasemdir við greininguna og niðurstöðu hennar. Álit ESA er að finna í viðauka C með ákvörðun þessari.

1. Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk

PFS telur eðlilegt að skilgreina fimm mismunandi þjónustumarkaði fyrir útsendingarþjónustu, sbr. neðangreint:

1. Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum.
2. Útsendingarþjónusta fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum.

¹ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um tilkynningar, fresti og samráð sem kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (nr. 193/04/COL), EES-viðbætur nr. 21, frá 27.4.2006 (íslensk útgáfa).

3. Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum.
4. Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum.
5. Útsendingarþjónusta fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött.

PFS telur að síðastgreindur útsendingarmarkaður um gervihnetti sé millilandamarkaður sem ekki er á valdi PFS að taka til greiningar.

PFS tók hina fjóra þjónustumarkaðina til skoðunar með það fyrir augum að leiða í ljós hvort þeir uppfylltu skilyrði þess að til greina komi að leggja fyrirfram kvaðir á fyrirtæki á mörkuðunum (e. three criteria test). Skilyrðin eru eftirfarandi:

1. Hindranir eru á því að komast inn á markaðinn.
2. Markaðurinn hefur ekki eiginleika til að þar sé virk samkeppni.
3. Almennar samkeppnisreglur duga ekki til að afnema hindranir eða efla samkeppni.

PFS telur markað eitt hér að ofan fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt hljóðvarp á þráðlausum netum ekki uppfylla fyrsta skilyrðið þar sem aðgönguhindranir eru ekki verulegar.

PFS telur markað tvö hér að ofan fyrir útsendingarþjónustu fyrir hliðrænt sjónvarp á þráðlausum netum ekki uppfylla þriðja skilyrðið þar sem almennar samkeppnisreglur eru taldar geta leyst þau vandamál sem upp kunna að koma á viðkomandi markaði.

PFS telur markað þrjú hér að ofan fyrir útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á þráðlausum netum ekki uppfylla þriðja skilyrðið þar sem almennar samkeppnisreglur eru taldar geta leyst þau vandamál sem upp kunna að koma á viðkomandi markaði.

PFS telur markað fjögur hér að ofan fyrir útsendingarþjónustu fyrir stafrænt hljóðvarp og sjónvarp á fastanetum ekki uppfylla þriðja skilyrðið þar sem almennar samkeppnisreglur eru taldar geta leyst þau vandamál sem upp kunna að koma á viðkomandi markaði.

Samkvæmt ofangreindu telur PFS að ofangreindir markaðir uppfylli ekki nauðsynleg skilyrði (e. three criteria test) svo að til greina komi að leggja fyrirfram kvaðir (ex ante) á fyrirtæki á mörkuðunum. Þar af leiðandi útnefnir PFS ekkert fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

2. Kvaðir á viðkomandi markaði

Þar sem ekkert fyrirtæki er útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði verða engar kvaðir lagðar á.

3. Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Þessi ákvörðun tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 8. desember 2008.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – greining á markaði 18

Viðauki B – athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður samráðs

Viðauki C – álit ESA

Afrit til:

Samkeppniseftirlitið

ESA